

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Deiliskipulag hesthúsasvæðis á Vorsabæjarvöllum – breyting vegna borholu.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 8. maí 2025 óverulega deiliskipulagsbreytingu Veitna vegna stækkunar á hitaveitu. Deiliskipulagsbreytingin afmarkast utan um veitumannvirkin, ásamt lagnaleiðum frá núverandi borholu HV-03 og frá varmastöðinni. Veitumannvirkið er byggt til að þjóna upphitun á nýrri byggð og til að veita heitu vatni til baðlóns, til þess verður núverandi borhola HV-03 sem er við hesthúsabyggðina nýtt. Gerðar eru mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegrar hávaðamengunar frá Varmastöðinni að hesthúsabyggðinni. Samráðsfundur með helstu hagsmunaaðilum var haldinn fyrir samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar. Hlaut deiliskipulagsbreytingin meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag miðbæjar – breyting vegna stækkunar íþróttahúss.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 10. apríl 2025 deiliskipulagsbreytingu vegna stækkunar íþróttahúss á miðbæjarsvæði. Breytingartillagan nær til samfélagsþjónustusvæðis S6 þar sem grunnskóla og íþróttahús er að finna. Markmið breytingarinnar er að stækka heimild til byggingar nýs íþróttasalar til þess að rúma einnig fimleikaaðstöðu. Flutningur verður á byggingarreit fyrir lausa kennslustofu á lóð Breiðamerkur 24 inn á lóð grunnskólans að Skólamörk 4-6, hús gamla kaupfélagsins, sem hýsir fagkennslustofur þangað til grunnskóli er fullbyggður, er víkjandi í deiliskipulaginu og er lóð Breiðumerkur 24 sameinuð lóð íþróttahússins. Tilfærsla verður á lóðamörkum innan reitar, tilfærsla á lögnum og kvöð sett um lagnaleiðir. Breyting verður á hámarkshæð útveggjar salarins til vesturs sem og hámarkshæð salar. Byggingarreitur aðkomubyggingar er lengdur meðfram vesturhlið íþróttasalar til að milda ásynd íþróttahússins frá miðbæ og nærliggjandi lóðum. Breytingar verða á þegar samþykktu fyrirkomulagi og fjölda bílastæða. Nýtingarhlutfall verður óbreytt 0,6 á reitnum í samræmi við skilmála aðalskipulags. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 19. maí 2025.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 22. maí 2025